

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 22. febrúar 2023

Mál nr. E-943/2022:

Árvakur hf.

(Finnur Magnússon lögmaður)

gegn

Reyni Traustasyni og

Sólartúni ehf. og

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

Atla Viðari Þorsteinssyni

til réttargæslu.

(Stefán A Svansson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 26. janúar 2023, var höfðað 6. maí 2022, af Árvakri hf., Hádegismóum 2 í Reykjavík, gegn Reyni Traustasyni, [...], og Sólartúni ehf., Ármúla 15 í Reykjavík, og til réttargæslu Atla Viðari Þorsteinssyni, [...]

Stefnandi krefst þess að stefndu Reyni og Sólartúni ehf. verði, óskipt, gert að greiða honum 1.500.000 kr., með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2021 til og með 1. mars 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til og með greiðsludags. Þá krefst stefnandi þess að stefndu Reynir og Sólartún ehf. verði dæmdir til að fá birtan dóm í máli þessu í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu Reynis og Sólartúns ehf. óskipt.

Stefndu Reynir og Sólartún ehf. krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og til vara stórkostlegrar lækkunar á fjárkröfu hans. Þá krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, Atla Viðari, og réttargæslustefndi gerir engar kröfur í máli þessu en tekur undir málatilbúnað stefnanda.

I.

Helstu málsatvik

Hinn 1. október 2021 birtist í Morgunblaðinu, sem gefið er út af stefnanda, minningargrein sem réttargæslustefndi ritaði um bróður sinn, Eyþór Mátí Hilmarsson, sem lést 2. september 2021. Samhliða birtist æviágrip hins látna. Sama dag birtist svo frétt um andlát Eyþórs Mátí á vefmiðlinum mannlif.is, sem líkt og Mannlíf er gefinn er út af stefnda Sólartúni ehf. og ritstýrt af stefnda Reyni. Ágreiningslaust er að umrædd frétt er útdráttur úr því sem fram kemur í framangreindu æviágripinu auk þess sem í fréttinni er tekið orðrétt upp innan gæsalappa efni úr framangreindri minningargrein réttargæslustefnda án þess að nafns réttargæslustefnda sé getið eða þess að viðkomandi efni sé tekið úr minningargrein sem hann hafi ritað og birst hafi í Morgunblaðinu sama dag. Enn fremur er ágreiningslaust að hvorki var aflað samþykkis stefnanda né réttargæslustefnda til birtingar viðkomandi efnis úr minningargrein hans síðarnefnda.

Með bréfi stefnanda til stefndu, dagsettu 10. febrúar 2022, var því lýst að stefnandi teldi sig eiga rétt til skaðabóta vegna framangreinds sem væru að virtum atvikum hæfilega ákvarðaðar 1.500.000 krónur sem og skaðabótavaxta frá tímamarki hins bótaskylda atburðar og svo dráttarvaxta að liðnum mánuði frá umræddu bréfi. Því til stuðnings vísaði stefnandi til þess að framangreind háttsemi bryti gegn réttindum hans samkvæmt höfundalögum, þar á meðal um einkarétt höfundar til eintakagerðar og til að gera verk aðgengilegt almenningi, en stefnandi hefði fengið réttindi réttargæslustefnda þar að lútandi framseld sér. Þá var í umræddu bréfi vísað til bréfs stefnanda til stefndu, dagsetts 27. apríl 2021, þar sem vakin hafi verið athygli á óheimilli birtingu minningargreina á vefmiðlinum mannlif.is og þess krafist að slíkri birtingu minningargreina yrði tafarlaust hætt. Loks var tekið fram að ef ekki kæmi til fullnægjandi málalykta mundi stefnandi að óbreyttu leita réttar síns fyrir dómstólum.

Framangreindu bréfi stefnanda var svarað með bréfi stefndu, dagsettu 1. mars 2022. Þar var því efnislega lýst að stefndu teldu minningargreinar ekki njóta verndar samkvæmt höfundalögum og jafnvel þó svo væri hefði umrædd umfjöllun á mannlif.is verið heimil á grundvelli heimildar sömu laga til að taka upp í blöð og tímarit og flytja í útvarpi dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál úr blöðum eða tímaritum. Var kröfum stefnanda því hafnað.

Stefnandi höfðaði mál þetta svo sem fyrr greinir hinn 6. maí 2022. Sama dag höfðaði réttargæslustefndi mál gegn stefndu og til réttargæslu stefnanda fyrir dóminum, sbr. mál nr. E-942/2022, sem rekið hefur verið samhliða þessu máli. Í því máli krefst réttargæslustefndi miskabóta að tilgreindri fjárhæð óskipt úr hendi stefndu sem og að stefndu verði dæmdir til að fá birtan dóm í því máli í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins.

II.

Helstu málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 1. gr. höfundalaga nr. 73/1972 teljist til bókmenntaverka samið mál í ræðu eða riti. Enginn vafi sé á að texti í hefðbundinni minningargrein um látinn einstakling falli hér undir. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna eigi höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri og breyttri mynd. Meðal þeirra réttinda er fylgi þeim texta er birtist í minningargreinum sé því rétturinn til eintakagerðar, svo sem að prenta textann til birtingar í dagblaði og einnig rétturinn til að gera verkið aðgengilegt almenningi en samkvæmt 3. og 4. mgr. 2. gr. laganna falli þar undir að bjóða eintök til sölu, svo sem með útgáfu dagblaðs á borð við Morgunblaðið, sbr. 1. tl. 3. mgr. 2. gr., og rétturinn til að miðla verkinu þráðlaust til almennings með því að gera það aðgengilegt á vefsíðu, sbr. 1. tl. 4. mgr. 2. gr. Í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 73/1972 segi að framsal höfundaréttar sé heimilt að nokkru leyti eða öllu, með þeirri takmörkun sem leiði af ákvæðum 4. gr., en þar sé tiltekið að ógilt sé afsal höfundar á rétti samkvæmt þeirri grein, nema um sé að ræða einstök tilvik sem skýrt séu tilgreind bæði um tegund og efni. Minningargreinar séu sendar inn til Morgunblaðsins af höfundum gegnum vefsíðu blaðsins. Þegar smellt sé á reit merktan „senda inn minningargrein“ komi upp texti sem hljóði svo: „Með því að senda minningargrein, ljósmyndir og annað efni í gegnum heimasíðu Morgunblaðsins er höfundaréttur að hinu innsenda efni framseldur til Árvakurs. Upphaflegur höfundur nýtur ávallt sæmdarréttar að innsendu efni þrátt fyrir framsalið.“ Af öllu framangreindu leiði, að stefnandi hafi fengið framseldan höfundarétt að minningargrein réttargæslustefnda, sem birst hafi í Morgunblaðinu 1. október 2021.

Framangreindu til viðbótar vísi stefnandi til 33. gr. laga nr. 73/1972 um gerð útgáfusamninga, svo sem framgangsmáti, þ. á m. í tilfelli réttargæslustefnda, við innsendingu minningargreina feli raunar einnig í sér. Áður en grein sé send merki höfundur við í þar til gerða reiti hvort greinin verði aðeins send Morgunblaðinu til

birtingar eða hvort svo sé ekki og tekið sé fram að greinar sem séu sendar til annarra miðla séu sjaldnast birtar í Morgunblaðinu. Með því sé áréttað af hálfu blaðsins að blaðið muni ekki veita öðrum heimild til birtingar efnis. Þegar um viðkvæm og persónuleg málefni sé að ræða, líkt og leiði af eðli málsins, leitist Morgunblaðið við að haga allri uppsetningu þannig að hæfi viðfangsefninu. Snar þáttur í því sé að engar auglýsingar, aðrar en tengdar útförum og skyldri þjónustu, birtist í kringum minningargreinar. Um sé að ræða einkarétt til birtingar, sbr. áðurgreindan áskilnað í samskiptum, og einnig fyrirmæli í 39. gr. laga nr. 73/1972 um að sé ekki á annan veg samið fái útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi sem útgáfusamningur greini. Í 1. mgr. 40. gr. laganna sé svo kveðið á um að útgefendur blaða og tímarita hafi einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð og hefti. Þá sé tekið fram í 2. mgr. 40. gr. að réttur útgefanda raski ekki höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða verkum sem í ritunum birtist. Þó þurfi ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem um geti í 1. mgr., nema öðruvísi hafi verið um samið.

Af framangreindu öllu sé þannig ljóst að stefnandi fái framseldan höfundarétt að minningargreinum í heild sinni, þ. á m. grein réttargæslustefnda, með þeim nýtingarheimildum er honum fylgi, að undanskildum sæmdarrétti. Í öllu falli hafi stefnandi fengið afhentan frá höfundum einkarétt, þ. á m. réttargæslustefnda, til að gefa út minningargreinar þeirra í prentaðri útgáfu, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1972, og til að gera greinar aðgengilegar almenningi með því að miðla þeim til almennings með þeim hætti að hver og einn notandi geti fengið aðgang að þeim á vefsíðu blaðsins á þeirri stundu og með þeim búnaði sem hann sjálfur kjósi, sbr. 1. tl. 4. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1972.

Í Morgunblaðinu, nánast allt frá stofnun, hafi birtst dánartilkynningar og minningargreinar endurgjaldslaust. Í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins, á síðu þar sem minningargreinar séu birtar, sé að finna stutta grein undir fyrirsögninni Minningargreinar. Þar sé tiltekið að óheimilt sé að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki. Á opinni vefsíðu undir flípanum andlát/minningargreinar sé tiltekið með áberandi hætti að endurbirting minningargreina í öðrum miðlum sé óleyfileg nema með samþykki höfundar og Morgunblaðsins. Þrátt fyrir þetta hafi verið birt í umræddri frétt á mannlíf.is svofelld tilvitnun í minningargrein réttargæslustefnda. „Bróðir Hafþórs [Eypórs] segir: „Ég græt útileguna sem við fórum aldrei í, núna sem tveir fullorðnir karlar með bjórbumbu og æ þynnra hár, en veit að þú

verður alltaf með okkur í stelpunum þínum og ég skal glaður taka að mér að tjalda með þeim.“ Þess hafi hvergi verið getið að tilvitnuð ummæli væru endursögn úr minningargrein réttargæslustefnda sem birst hefði í Morgunblaðinu. Þá hafi hvorki verið aflað samþykkis réttargæslustefnda né stefnanda fyrir endursögn umræddra ummæla. Við bætist að hinn látni hafi ranglega verið nefndur Hafþór. Steininn taki svo endanlega úr þegar fréttin um andlát hans, þ. á m. ummæli réttargæslustefnda, séu umkringd fjölda auglýsinga af öllum stærðum og gerðum, sem birtist meðal annars innan umfjöllunarinnar, svo sem um bingó, munnholsúða við tóbaksfíkn, fasteignir, lagersölu, bækur og ljós, svo eitthvað sé nefnt. Þessi meðferð texta úr minningargrein réttargæslustefnda feli ljóslega í sér brot á ákvæðum 2. gr. laga nr. 73/1972 um einkarétt höfundar til eintakagerðar og til að gera verk aðgengilegt almenningi, sem framseldur hafi verið stefnanda sem fyrr segi. Sé þessi meðferð af hálfu stefndu jafnframt fjarri lagi einsdæmi líkt og framlögð gögn beri vott um.

Kröfu sína byggi stefnandi einkum á 56. gr. laga nr. 73/1972, auk þess sem almennar skaðabótareglur leiði til sömu niðurstöðu. Í 56. gr. laga nr. 73/1972 segi að sá sem brotið hafi gegn lögnum af ásetningi eða gáleysi skuli greiða bætur vegna brotsins. Við ákvörðun bóta skuli ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hafi orðið fyrir, heldur beri auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hafi haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skuli ákveða bætur að álitum hverju sinni. Stefnandi byggi ekki á því að hann hafi orðið fyrir beinu fjártjóni. Hvar stefndu hafi hins vegar fénytt höfundavarið efni stefnanda, sbr. meðal annars auglýsingar í tengslum við umfjöllunina, eigi stefnandi rétt á bótum samkvæmt framansögðu. Telji stefnandi að slíkar bætur séu að álitum hæfilega ákvarðaðar 1.500.000 kr. Krafist sé skaðabótavaxta frá tímamarki hins bótaskylda atburðar, þ.e. frá 1. október 2021, og dráttarvaxta mánuði frá kröfubréfi, sbr. nánar dómkröfu og fyrirmæli laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, sbr. einkum 8. og 9. gr. laganna, auk III. kafla þeirra. Ekki sé gerð krafa um refsingu, þótt lagaskilyrði standi raunar til slíkrar kröfu. Birtingarkrafan sé studd fyrirmælum 59. gr. c. laga nr. 73/1972.

Um aðild til varnar vísi stefnandi til þess að stefndi Reynir og Trausti Hafsteinsson séu eigendur Mannlífs og mannlif.is í gegnum stefnda Sólartún ehf. Stefndi Reynir sé jafnframt ritstjóri bæði Mannlífs og mannlif.is og fyrirsvars- og ábyrgðarmaður. Sem ábyrgðarmaður beri stefndi Reynir ritstjórnarlega ábyrgð á efni og

efnisvali og ákvarði hvernig það sé skipulagt, sbr. lög nr. 38/2011 um fjölmiðla, sbr. nánar 2. gr. laganna. Þá vísist jafnframt um ábyrgð ábyrgðarmanns á útgefnu efni til fyrirmæla 50. og 51. gr. laganna, sbr. c-lið 1. mgr. lagagreinanna, auk almennra reglna skaðabótaréttar sem leiði til sömu niðurstöðu, en umrædd frétt hafi ekki sérstaklega verið auðkennd neinum. Sé kröfunni samkvæmt framansögðu því beint að stefnda Reyni. Stefndi Sólartún ehf., sem eigandi Mannlífs og mannlif.is og skráð fjölmiðlaveita, beri jafnframt skaðabótaábyrgð, hvort tveggja sjálfstætt á grundvelli sakarreglu og sem vinnuveitandi, sbr. húsbúndareglu skaðabótaréttar, auk lögbundinnar greiðsluábyrgðar samkvæmt lögum nr. 38/2011, sbr. 2. mgr. 50. og 51. gr. laganna.

Stefnandi vísar til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kröfu sinni um málskostnað til stuðnings. Loks vísar stefnandi til þess að þar sem sakarefni málsins tengist gagngert minningargrein sem réttargæslustefndi hafi ritað sé honum gefinn kostur á að láta sig málið varða og honum því stefnt til réttargæslu, sbr. 21. gr. laga nr. 91/1991.

III.

Helstu málsástæður stefnda

Stefndu hafna málsástæðum stefnanda og krefjast sýknu. Stefndu byggja í fyrsta lagi á því, að sá texti sem birtist í minningargreininni og stefnandi byggji á að hafi brotið gegn lögum, njóti ekki höfundaréttarverndar. Texti í minningargrein, m.a. þar sem hlaupið sé á ævi hins látna, uppfylli að mati stefndu ekki grunnskilyrði þess að teljast höfundarverk, þ.e. nái ekki tilskilinni verkshæð. Verkshæð sé í höfundarétti þau lágmarksskilyrði sem þurfi að uppfylla til að tiltekið verk teljist höfundarverk og njóti verndar sem slíkt. Almennt sé gerð krafa um að verk sem háð sé höfundarétti sé sjálfstæð og frumleg sköpun höfundar. Í verki þurfi því að felast umtalsvert nýnæmi og sköpun, að minnsta kosti að formi, svo að það njóti höfundaréttar. Fjöldmörg manna verk séu þannig að þau uppfylli ekki frumleikaskilyrði og nái ekki verkshæð, enda sé ekki hvaðeina sem skapað sé háð höfundaréttarvernd. Hafi til dæmis uppskriftir og matseðlar verið nefndir sem dæmi um slíkt. Sumum manna verkum, sem ekki nái verkshæð, hafi engu að síður verið veitt sérstök vernd í höfundalögum, yfirleitt þá í mun skemmri tíma en höfundaverkum. Þetta eigi til dæmis við um ólitrænar ljósmyndir, sbr. 49. gr. laga nr. 73/1972., safnverk, sbr. 17. gr. laganna, og gagnagrunna sem séu afrakstur „verulegrar fjárfestingar“ þess sem þá hafi skapað, sbr. t.d. 50. gr. laganna. Minningargreinar teljist ekki listaverk og njóti heldur ekki sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 73/1972 sem ólitræn verk. Engin rök standi enda til þess að veita

minningargreinum slíka vernd. Minningargreinar uppfylli ekki framangreind skilyrði og séu heldur ekki afrakstur neinnar verulegrar fjárfestingar eða fyrirhafnar, allra síst stefnanda, enda liggi fyrir að þeir sem sendi stefnanda minningargreinar geri það rafrænt og fái ekkert endurgjald fyrir. Skilja megi málatilbúnað stefnanda þannig að um sé að ræða nokkurs konar samfélagsþjónustu.

Í stefnu sé ekki byggt á því að minningargrein sú sem þetta mál snúist um sé ólitrænt verk eða einhvers konar verk sem ætti að vera háð höfundarétti þrátt fyrir ófrumleika, heldur sé því beinlínis haldið fram að um sé að ræða bókmenntaverk, þ.e. að minningargreinar njóti verndar sem listræn bókmenntaverk eða listaverk. Verði því að leysa úr málinu á þeim grundvelli og teljist minningargrein ekki listrænt bókmenntaverk komi ekki til greina að um höfundarverk sé að ræða, enda ekki byggt á öðru af hálfu stefnanda. Í athugasemdum í greinargerð sem fylgt hafi frumvarpi því sem orðið hafi að lögum nr. 73/1972 sé fjallað um hugtök sem skipti máli fyrir úrlausn málsins, m.a. þá málsástæðu stefnanda að um sé að ræða listrænt bókmenntaverk. Í þeim athugasemdum segi að hugtökin bókmenntaverk og listaverk beri að skýra svo að í verkinu, þ.e. listaverki, eigi að koma fram andleg sköpun, sem sé ný og sjálfstæð, a.m.k. að formi til. Þá segi að tegund verks og heimfærsla þess undir listgrein komi til álita við framkvæmd höfundaréttar.

Stefndu byggi á því að sú minningargrein, eða þau minningarorð, sem birst hafi í Morgunblaðinu, hafi ekki verið höfundarverk sem njóti verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 73/1972. Ekki sé um að ræða bókmenntaverk sem nái tilskilinni verkshæð og ekki sé um að ræða annars konar verk sem njóti engu að síður höfundaréttarverndar samkvæmt lögum. Það sé ekki tilgangur minningargreina að skapa list eða sjálfstætt höfundarverk, heldur að gera stuttlega grein fyrir ævi og fjölskyldu hins látna, sem og að minnast viðkomandi, sem raunar sé oft gert með kveðskap annarra. Textinn sem um ræði sé í flestum tilfellum hvorki ný né sjálfstæð andleg sköpun og það hafi verið þannig í umræddu tilviki. Einungis sé um að ræða að stiklað sé á helstu atriðum í ævi hins látna og svo minningarorð, þ.e. rifjaðar upp minningar. Vitnað hafi verið beint til minningar um að hinn látni og réttargæslustefndi hefðu ekki farið í útilegu sem þeir hafi ætlað sér að fara í. Sá texti falli ekki undir þá skilgreiningu að vera listrænt höfundarverk. Sá sem byggi á því að sköpun sé höfundarverk og uppfylli verkshæð beri sönnunarbyrðina fyrir því. Stefnandi hafi ekki axlað þá sönnunarbyrði.

Verði talið að um höfundarverk sé að ræða í skilningi laga nr. 73/1972 byggji stefndu á því að ósannað sé að stefnandi eigi nokkurn höfundarétt að því höfundaverki sem málið snúist um. Í stefnu sé því haldið fram að stefnandi eigi höfundarétt að minningargrein réttargæslustefnda um hinn látna og hafi fengið þann rétt framseldan frá réttargæslustefnda. Það sé hins vegar með öllu ósannað. Í stefnu sé því lýst að framsal höfundaréttar að minningargreinum gerist sjálfkrafa þegar minningargrein sé send inn í gegnum vefsíðu Morgunblaðsins sem stefnandi gefi út. Áður en grein sé send inn komi upp texti þar sem fram komi að með því að senda efnið gegnum vefsíðuna sé höfundaréttur framseldur stefnanda. Allt eigi þetta að gerast sjálfkrafa. Stefndu byggji á því að þetta sé ekki raunverulegt framsal á höfundarétti. Ósannað sé að höfundaréttur hafi verið framseldur í raun með þessu. Stefndu fái heldur ekki séð af gögnum málsins að lýsingin í stefnu sé rétt. Ekki komi fram í gögnum málsins að til sé texti um að höfundaréttur framseljist stefnanda við innsendingu greinar. Stefndu byggji á því að staðlaður texti á vefsíðu Morgunblaðsins, sé hann til staðar yfir höfuð, sýni ekki fram á með nokkrum hætti að framsal hafi átt sér stað á því efni sem mál þetta fjalli um. Því sé ósannað að stefnandi hafi í raun fengið framseldan höfundarétt að minningargreininni.

Þá liggi ekkert fyrir um það hver sé í raun höfundur efnisins né hver hafi sent það inn, hafi það yfir höfuð verið sent inn gegnum vefsíðu Morgunblaðsins. Raunar hafi stefnandi, miðað við það hvernig hann byggji á því að höfundaréttur framseljist, engar forsendur til að vita hver sé að senda inn efni og þannig frá hverjum hann sé að fá höfundarétt framseldan í orði kveðnu, hver sé í raun höfundur efnisins og þannig hvort sá sem sendi inn efnið hafi nokkurn rétt til þess. Enginn geti framselt meiri réttindi en hann eigi sjálfur og gildi það einnig um höfundarétt. Ekki liggi fyrir hver hafi sent minningargreinina inn og hafi þar með „framselt“ stefnanda verkið. Gæti það allt eins hafa verið þriðji aðili sem sé óviðkomandi máli þessu. Hafi það gerst hafi staðlaður texti á vefsíðu Morgunblaðsins um framsal höfundaréttar ekkert gildi. Svo virðist sem stefnandi geri sér að einhverju marki grein fyrir því að minningargrein gæti verið háð höfundarétti margra, enda komi fram á vefsíðu hans, að sé um að ræða marga höfunda nægi að einn þeirra sé áskrifandi að Morgunblaðinu, en áskrifendur njóti að því er virðist forgangs við birtingu minningargreina. Þrátt fyrir að gera sér grein fyrir þessu virðist stefnandi þó ekki gera nokkrar ráðstafanir til að fá framseldan höfundarétt allra höfunda í slíkum tilvikum, sem telja verði verulegan ágalla. Mjög einfalt væri fyrir stefnanda að fá framsal á höfundarétti innsendra greina staðfest, s.s. með notkun rafrænna skilríkja.

Aðferðin sem stefnandi byggir höfundarétt sinn á sé hins vegar marklaus og sanni ekki höfundarétt hans.

Stefndu byggir jafnframt á því að jafnvel þótt talið verði að um höfundarverk sé að ræða sem njóti verndar og sannað þyki að það verk hafi verið framselt með réttum hætti til stefnanda, þ.e. að hann njóti höfundaréttar yfir því, skuli engu að síður hafna kröfum stefnanda. Fjölmiðlum og öðrum sé játaður réttur til að vitna til efnis, hvort heldur sem um sé að ræða höfundaréttarvarið efni eða ekki og miðla því til almennings. Það sé beinlínis hlutverk fjölmiðla. Rétturinn sé varinn af 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þá sé talið mikilvægt í menningarlegu tilliti að ekki ríki of miklar hömlur á höfundarétti. Þessi réttur birtist m.a. í ákvæðum höfundalaga, þar sem margvíslegar takmarkanir séu gerðar á höfundarétti tengdar bæði starfsemi fjölmiðla og annarra. Höfundaréttur sé fjarri því að vera fortakslaus, heldur sé sá réttur háður ýmsum takmörkunum. Bæði í 1. og 2. gr. laga nr. 73/1972 komi fram að höfundaréttur sé háður þeim takmörkunum sem fram komi í lögnum sem séu margvíslegar.

Stefnandi byggir á því að brotið hafi verið á rétti hans til eintakagerðar, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 73/1972. Stefndu byggir á því á móti að samkvæmt 10. gr. a umræddra laga gildi réttur höfundar til eintakagerðar ekki þegar gerð eintaka hafi enga sjálfstæða fjárhagslega þýðingu. Umfjöllun um andlát bróður réttargæslustefnda í Mannlífi hafi ekki haft neina sjálfstæða fjárhagslega þýðingu, heldur hafi verið um að ræða umfjöllun um andlát sem hafi verið sviplegt og sorglegt.

Stefndu byggir einnig á því að þeim hafi verið heimilt að vitna til verksins (verði yfirleitt talið að um verk sé að ræða), sbr. 1. mgr. 14. gr. sömu laga. Í ákvæðinu segi að heimil sé tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, sé hún gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efnið farið. Þetta sé ein þeirra heimilda í lögum nr. 73/1972 sem heimili frjálsa og endurgjaldslausa nýtingu á höfundarverkum. Í athugasemdum við lagaákvæðið í greinargerð sem fylgt hafi frumvarpi því sem varð að umræddum lögum komi fram að í höfundarétti hafi ávallt verið talið óhjákvæmilegt að leyfa tilvitnanir í birt verk höfunda án samþykkis þeirra, þótt vandkvæðum sé bundið að skilgreina hvaða takmörkunum slíkur tilvitnanaréttur eigi að vera bundinn, þ.e. að hvaða marki slíkt eigi að vera heimilt. Í skýringunum segi enn fremur að það sem talið sé upp í dæmaskyni í lögnum sé ekki tæmandi talning, þ.e. tilvitnunarrétturinn svonefndi sé hvorki bundinn við

bókmenntaverk í eiginlegum skilningi né sé hann bundinn við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu o.s.frv. Segi til dæmis að ekki sé amast við því að stuttar tilvitnanir í höfundarverk séu notaðar í blöðum og tímaritum, en það skilyrði sé þó sett að tilvitnun sé ekki að ráði víðtækari en hæfa þyki eftir tilganginum. Til dæmis megi ekki taka heilu kaflana upp úr vernduðu riti og endurbirta, þannig að gengið sé á fjárhagslegan rétt höfundar. Þá segi að tilvitnun verði að vera gerð á tilhlýðilegan hátt og í samræmi við góðar venjur á sviði höfundaréttar, t.d. megi ekki slíta hana úr samhengi eða afbaka.

Stefndu byggi á því að umfjöllun um ótímabært andlát einstaklings sé viðurkenndur tilgangur í skilningi ákvæðisins og stutt tilvitnun í opinberlega birt minningarorð annarra, t.d. aðstandenda, um hinn látna falli því innan framangreindrar heimildar. Framlögð gögn beri með sér að fjölmiðlar, þar á meðal Morgunblaðið sem stefnandi gefi út, greini iðulega frá andláti einstaklinga. Enn fremur sé oft greint frá sambandsslitum einstaklinga, barneignum o.fl. í fjölmiðlum og sé Morgunblaðið síst þar undanskilið. Umfjöllun um skyndilegt eða sviþlegt fráfall einstaklinga sé því viðurkennd fjölmiðlun og viðurkenndur tilgangur. Eðlilegt sé að fjölmiðlar greini frá andláti og vitni jafnvel til opinberra minningarorða aðstandenda og vina án þess að aflað sé sérstakrar heimildar allra þeirra sem hlut eigi að máli. Það sé virðingarvert og menningarlegt að fjalla um, tilkynna og greina frá andlátum í samfélagi manna, en málsókn stefnanda virðist byggjast á því að andlát og umfjöllun um þau séu og eigi að vera viðskipti, að stefnandi missi spón úr aski sínum fjalli aðrir fjölmiðlar en Morgunblaðið um andlát. Stefndu byggi með vísan til framangreinds á því að þegar fjallað sé um andlát einstaklinga, sem sé viðurkenndur tilgangur í skilningi laga, sé fjölmiðlum, og raunar öðrum, heimilt að vitna til minningargreina um hinn látna án samþykkis þeirra sem þær hafi ritað, að minnsta kosti með þeim hætti sem gert hafi verið í Mannlífi, þ.e. stuttlega og með smekklefum hætti. Í því tilviki sem hér um ræði hafi einungis verið vitnað til lokamálsgreinar umræddrar minningargreinar. Í dómaframkvæmd hafi verið staðfest að nægilegt sé hvað 14. gr. laga nr. 73/1972 varði að vitna þannig til texta að lesandinn megi gera sér grein fyrir því hvað sé höfundaréttarvarinn texti og hvað ekki. Sé því skilyrði fullnægt, eins og í því tilviki sem hér um ræði, varði það ekki fébótaábyrgð heldur sé um að ræða heimila notkun.

Framangreindu til frekari stuðnings vísí stefndu til þess að oft sé vitnað til efnis sem birtist í fjölmiðlum án þess að viðkomandi blaðamaður sé nafngreindur eða leyfis óskað. Fjölmiðlar endurbirti ítrekað fréttir og annað efni frá öðrum fjölmiðlum og ekki

hafi verið gerðar strangar kröfur til þess að geta heimildar en fjölmiðlar láti yfirleitt nægja að segja frá því hvaða fjölmiðill sagði fyrst frá málinu og setja hlekk á upphaflegu fréttina. Hafi þetta ekki sætt nokkrum athugasemdum hingað til og teljist viðurkennd framkvæmd, einnig af stefnanda sjálfum, sem hafi gert þetta ítrekað líkt og framlögð gögn beri vott um. Af þeim megi glöggt ráða að í tilvikum sem vísað sé til fréttu Mannlífs í Morgunblaðinu sé nafn blaðamanns hvorki tilgreint, enda væntanlega ekki talið eiga við, né hafi leyfis verið beiðst. Hið sama gildi eðli máls samkvæmt um minningargreinar sem stefnandi byggir á að hann hafi fengið framseldan höfundarétt að. Þær falli undir þennan tilvitunarrétt og því þurfi ekki sérstakt leyfi frá stefnanda til að vitna til þeirra í umfjöllun annarra fjölmiðla.

Af svipuðum meiði sé heimild 15. gr. laga nr. 73/1972 sem sé sérstök heimild vegna starfsemi fjölmiðla, sem raunar gangi lengra en tilvitunarheimildin í 1. mgr. 14. gr. Samkvæmt 15. gr. sé fjölmiðlum beinlínis heimilt að birta ljósmyndir og heilu greinarnar í dagblöðum og tímaritum án samþykkis höfundar, nema höfundur hafi sérstaklega bannað slíka birtingu. Ekki sé kveðið á um slíkt í 1. mgr. 14. gr., þ.e. að höfundaréttarhafi geti bannað tilvitnanir með lögmatum hætti í verk. Þannig hafi það í raun enga þýðingu að stefnandi skuli hafa texta á vefsíðu sinni um að öllum sé óheimilt að vitna til minningargreina. Það sé einfaldlega heimilt samkvæmt lögum.

Stefnandi geri mikið úr því að frétt stefndu um andlát bróður réttargæslustefnda hafi verið umkringd auglýsingum. Að mati stefndu felist í því tvískinnungur. Sem fyrr greini birtist mjög reglulega fréttir um andlát einstaklinga í Morgunblaðinu, bæði prentaðri útgáfu sem og vefútgáfu. Undantekningarlaust birtist kringum slíkar fréttir hinar ýmsu auglýsingar líkt og framlögð gögn beri vott um. Málsókn þessi virðist byggð á því að það sem alvanalegt sé hjá öðrum fjölmiðlum, svo sem að birta fréttir um andlát, þótt auglýsingar slæðist þar með, sé stefnda óheimilt en ekki öðrum. Því sé mótmælt.

Þá mótmæli stefndu því að 33. gr. laga nr. 73/1972 eigi við í þessu máli, enda ljóst að enginn útgáfusamningur liggja til grundvallar meintum rétti stefnanda. Stefnandi byggir jöfnum höndum á því að hann hafi fengið höfundarétt réttargæslustefnda framseldan og því að um útgáfusamning hafi verið að ræða. Sé grundvöllur málsins þannig ekki á hreinu og því kunni að vera rétt að vísa máli þessu frá dómi af þeim sökum. Mikilvægt sé að grundvöllur málsins sé á hreinu enda komi fram í 33. gr. laganna að útgáfusamningur veiti ekki eignarrétt að verki nema samið sé um það sérstaklega. Sá

skilmáli sem fram komi á vefsíðu stefnanda sé ekki samningur milli aðila sem fullnægi skilyrðum umræddra laga.

Í lögum nr. 73/1972 komi fram að sá sem brjóti gegn lögnum skuli greiða bætur og að við kvörðun bóta skuli ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar réttthafi hafi orðið fyrir, heldur beri auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hafi haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skuli ákveða bætur að álitum hverju sinni. Af framangreindu leiði að stefnandi verði að lágmarki að sýna fram á að eitthvað tjón hafi orðið, þótt ekki verði færðar sönnur á fjárhæðina. Gera verði líklegt að eitthvert tjón hafi orðið. Það hafi stefnandi með engu móti fært sönnur á né gert líklegt. Því beri ótvírætt að hafna kröfu um bætur. Loks sé birtingarkröfu stefnanda mótmælt.

Varakröfu stefndu um stórkostlega lækkun á dómkröfum stefnanda til stuðnings vísist til þess sem að framan greini. Sem fyrr segi hafi stefnandi ekki sýnt fram á neitt fjárhagslegt tjón, hvorki að líklegt sé að tjón hafi orðið né í hverju það felist eða umfang þess. Fyrir liggja að stefnandi greiði ekki neitt fyrir minningargreinar. Því virðist vera um nokkurs konar þjónustu að ræða sem veitt sé í ófjárhagslegu skyni. Yrði talið að skilyrði væru til að dæma einhvers konar málamyndagreiðslu byggi stefndu á því að það hljóti að vera um að ræða fjárhæð sem hlaupi á nokkrum þúsundum króna hið mesta.

Framangreindu til frekari stuðnings vísa stefndu heildstætt til höfundalaga nr. 73/1972. Kröfu sinni um málskostnað til stuðnings vísa stefndu til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

IV.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila lýtur í meginatriðum að því hvort stefnandi eigi rétt til bóta úr hendi stefndu vegna brots á höfundarétti. Stefnandi byggir nánar tiltekið á því að með því að taka upp efni úr minningargrein réttargæslustefnda í frétt um andlát bróður hans á vefmiðlinum mannlif.is hafi stefndu brotið gegn höfundarétti að umræddri minningargrein. Sá höfundaréttur hafi verið framseldur stefnanda og eigi hann því rétt til bóta úr hendi stefndu. Stefnu byggja á því að umrædd minningargrein njóti ekki, frekar en minningargreinar almennt, höfundaréttarverndar og að jafnvel þótt svo væri sé ekki sýnt að höfundaréttur að henni hafi verið framseldur stefnanda auk þess sem stefndu hafi hvað sem öðru líði verið heimilt að taka efni úr henni upp í frétt sína á grundvelli nánar

tilgreindra takmarkana á höfundarétti. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á hann hafi orðið fyrir tjóni og því standi engin rök til að gera stefndu að greiða honum bætur.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1972 á höfundur að bókmenntaverki eða listaverki eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í þeim lögum greinir. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar teljast til bókmennta og lista samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist. Af þessu leiðir að minningargreinar teljast á sama hátt og aðrar blaðgreinar til bókmennta í skilningi umræddra laga enda um samið mál í riti að ræða. Hvort minningargrein nýtur höfundaréttarverndar ræðst svo sem endranær af því hvort í henni felst andleg sköpun sem er ný og sjálfstæð. Að mati dómsins verður almennt að ganga út frá því að frumsamið laust mál hvort heldur sem er í ræðu eða riti feli í sér slíka sköpun óháð magni þess eða gæðum. Þannig kemur til að mynda fram í athugasemdum við 1. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 73/1972 að hugtökin bókmenntaverk og listaverk beri að skýra svo að í verkinu eigi að koma fram andleg sköpun, sem sé ný og sjálfstæð. Þess sé þó að gæta, að það sé tegund verksins, heimfærsla þess undir bókmenntir eða tiltekna listgrein, en ekki mat á gæðum þess, sem oftast komi til álitu við framkvæmd höfundaréttar. Mörkin niður á við séu óglögg, en jafnan hafi verið talið, að rit sem aðallega séu samtíningur staðreynda án sjálfstæðrar úrvinnslu, verði ekki til bókmennta talin. Í máli þessu hafa engar haldbærar brögður verið bornar á að minningargrein réttargæslustefnda um bróður hans hafi að öllu leyti verið frumsamin og rituð af honum. Verður því lagt til grundvallar að hún feli í sér andlega sköpun réttargæslustefnda, sem sé ný og sjálfstæð í framangreindum skilningi, og að við ritun hennar hafi stofnast höfundaréttur honum til handa. Verður stefndi því ekki sýknaður á þeim grundvelli að umrædd minningargrein njóti ekki höfundaréttarverndar.

Samkvæmt framlögðum gögnum er hinn fjárhagslegi hluti höfundaréttar að minningargreinum framseldur stefnanda samhliða því sem slíkar greinar eru sendar honum til birtingar í Morgunblaðinu. Þannig liggur frammi útprentun af vefsíðunni mbl.is þar sem fram koma skilmálar og skilafrestur minningargreina til birtingar í Morgunblaðinu. Þar segir orðrétt svo: „Með því að senda minningargrein, ljósmyndir eða annað efni í gegnum heimasíðu Morgunblaðsins er höfundaréttur að hinu innsenda efni framseldur til Árvakurs. Upphaflegur höfundur nýtur ávallt sæmdarréttar að innsendu efni þrátt fyrir framsalið.“ Þá kom ótvírætt fram í skýrslu réttargæslustefnda fyrir dómi

við aðalmeðferð málsins að hann hefði framselt höfundarétt sinn að umræddri minningargrein til stefnanda. Að því og öðru framansögðu gættu standa að mati dómsins ekki nokkur rök til annars en að leggja til grundvallar að réttargæslustefndi hafi framselt hinn fjárhagslega hluta höfundaréttar síns að umræddri minningargrein til stefnanda svo sem hann hafði ótvírætt heimild til samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 73/1972. Verður stefndi því ekki sýknaður á þeim grundvelli að stefnandi sé ekki réttur aðili að þeirri kröfu sem hann hefur uppi í máli þessu. Að því virtu er ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvort viðeigandi ákvæði laga nr. 73/1972 um útgáfusamninga eigi við um réttarsamband stefnanda og réttargæslustefnda.

Í hinum fjárhagslega hluta höfundaréttar felst samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1972 einkaréttur höfundar, eða eftir atvikum þess sem leiðir rétt sinn frá honum, til að gera eintök af verki sínu og til að gera það aðgengilegt almenningi í upphaflegri eða breyttri mynd, í þýðingu eða annarri aðlögun, í annarri tegund bókmennta eða lista eða með annarri tækni, með þeim takmörkunum sem í umræddum lögum greinir. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar telst eintakagerð sérhver bein eða óbein, tímabundin eða varanleg gerð eintaks af verki, í heild eða af hluta þess, með hvaða aðferðum sem er og í hvaða formi sem er. Það telst meðal annars eintakagerð ef verk er flutt yfir á miðil sem nota má til endurmiðlunar. Samkvæmt 1. tölul. 3. mgr. umræddrar greinar telst verk svo gert aðgengilegt almenningi þegar eintök af því eru boðin til sölu, leigu eða láns eða er dreift til almennings á annan hátt. Samkvæmt framansögðu nær einkaréttur höfundar, eða þess sem leiðir rétt sinn frá honum, til þess að gera eintök af verki, hvort heldur sem er af hluta verks eða verki í heild, og gera það aðgengilegt almenningi með einum eða öðrum hætti. Að því virtu er það mat dómsins að stefndu hafi með því að taka efni úr minningargrein réttargæslustefnda upp í áður greinda frétt um andlát bróður hans viðhaft eintakagerð af umræddu verki í skilningi tilvitnaðrar greinar laga nr. 73/1972 og gert það aðgengilegt almenningi með dreifingu þeirrar fréttar á vefmiðlinum mannlif.is.

Stefndu byggja á því að þeim hafi verið framangreind eintakagerð og dreifing til almennings heimil á grundvelli takmarkana á höfundarétti samkvæmt tilgreindum ákvæðum II. kafla laga nr. 73/1972. Þannig byggja stefndu í fyrsta lagi á því að þeim hafi verið umrædd eintakagerð heimil á grundvelli 4. tölul. 1. mgr. 10. gr. a. laga nr. 73/1972 þar sem hún hafi ekki haft neina sjálfstæða fjárhagslega þýðingu. Ákvæði 10. gr. a. voru leidd í löginn með 1. gr. laga nr. 9/2006. Tilfni þeirrar lagasetningar var innleiðing tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB um samræmingu tiltekinna þátta

höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu í landslög og fól 1. gr. umræddra laga í sér innleiðingu 1. mgr. 5. gr. viðkomandi tilskipunar. Í samræmi við það undanþiggur ákvæði 1. mgr. 10. gr. a frá einkarétti höfundar þá eintakagerð sem er tæknilega óhjákvæmileg vegna miðlunar verka í tölvum, netkerfum og gagnasamskiptum um netið og eru skilyrði 1.-4. tölul. málsgreinarinnar samverkandi og þurfa öll að vera uppfyllt svo viðkomandi takmörkun á einkarétti höfundar eigi við. Svo er augljóslega ekki í þessu tilviki og verður þegar af þeirri ástæðu ekki á það fallist að stefndu hafi verið umrædd eintakagerð heimil á framangreindum grundvelli.

Stefndu byggja í öðru lagi á því að þeim hafi verið framangreind eintakagerð og dreifing til almennings heimil á grundvelli 1. mgr. 14. gr. laga nr. 73/1972. Samkvæmt þeirri málsgrein er heimil tilvitnun í birt bókmenntaverk, þar á meðal leiksviðsverk, svo og birt kvikmyndaverk og tónverk, ef hún er gerð í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið. Svo þessi takmörkun á einkarétti höfundar geti yfirhöfuð átt við þarf að vera um tilvitnun í tiltekið birt verk að ræða auk þess sem gera verður þá kröfu að þess sé getið með tilhlýðilegri nákvæmni hvaðan viðkomandi efni er tekið. Í frétt stefndu um andlát bróður réttargæslustefnda segir orðrétti svo: „Bróðir Hafþórs segir: „Ég græt útileguna sem við fórum aldrei í, núna sem tveir fullorðnir karlar með bjórbumbu og æ þynnra hár, en veit að þú verður alltaf með okkur í stelpunum þínum og ég skal glaður taka að mér að tjalda með þeim.“ Þannig var nafns höfundar viðkomandi efnis ekki getið, rangt var farið með nafn hins látna og hvorki kom fram að um tilvitnun í birta minningargrein væri að ræða né hvaðan viðkomandi efni væri tekið. Í umræddri frétt stefndu var því í reynd engin tilvitnun í birt verk sem er samkvæmt framansögðu óhjákvæmileg forsenda þess að tilvitnunarheimild 1. mgr. 14. gr. laga nr. 73/1972 geti yfirhöfuð átt við. Þá er ekki hægt að láta hjá líða að taka fram að þótt ritun frétta um andlát einstaklinga geti í ákveðnum tilvikum út af fyrir sig talist viðurkenndur tilgangur í skilningi umræddrar málsgreinar verður ekki á það fallist að beinar tilvitnanir í slíkum fréttum í minningargreinar sem ritaðar hafa verið um viðkomandi einstaklinga og birtar á öðrum vettvangi fyrir tilstilli höfunda þeirra rúmist almennt og óháð aðstæðum innan þess tilgangs líkt og stefndi byggir á eða hafi almennt einhverja þýðingu hvað þann tilgang áhrærir. Að öllu þessu gættu verður ekki á það fallist að stefndu hafi verið umrædd eintakagerð og dreifing til almennings heimil á framangreindum grundvelli.

Stefndu byggja svo loks á því að þeim hafi verið framangreind eintakagerð og dreifing til almennings heimil á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laga nr. 73/1972. Samkvæmt þeirri málsgrein má taka upp í blöð og tímarit og flytja í útvarpi dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál úr blöðum eða tímaritum svo og útvarpsefni af sama tagi, nema þess sé getið við greinarnar eða í útvarpssetningu, að slík endurbirting sé bönnuð. Jafnan skal heimildar getið við slíka endurbirtingu. Í athugasemdum um 15. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 73/1972 kemur fram að efni þeirrar greinar sé að greiða fyrir almennri fréttapjónustu blaða og útvarps, að því er varðar dægurviðburði og dægurgreinar um þjóðmál. Minningargrein sú sem réttargæslustefndi ritaði um bróður sinn og birt var í Morgunblaðinu fyrir tilstilli hans getur að mati dómsins aldrei talist vera dægurgrein um hagfræðileg efni, stjórnsmál eða trúsmál í skilningi umræddrar málsgreinar með hliðsjón af framangreindum tilgangi hennar og annarra ákvæða 15. gr. Verður þegar af þeirri ástæðu ekki fallist á að stefndu hafi verið umrædd eintakagerð og dreifing til almennings heimil á grundvelli hennar.

Samkvæmt öllu framansögðu er það því niðurstaða dómsins að stefndu hafi með því að taka efni úr áður greindri minningargrein upp í frétt um andlát bróður réttargæslustefnda og dreifa þeirri frétt á vefmiðlinum mannlif.is brotið gegn einkarétti höfundar hennar til eintakagerðar og til að gera verk aðgengilegt almenningi samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 73/1972 sem framseldur hafi verið stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, sem leidd var í lögum með 12. gr. laga nr. 93/2010, skal sá sem brotið hefur gegn umræddum lögum af ásetningi eða gáleysi greiða bætur vegna brotsins. Þá kemur fram að þótt brotið sé framið í góðri trú sé heimilt að ákveða þeim sem orðið hafi fyrir tjóni bætur úr hendi hins brotlega. Í máli þessu liggur frammi bréf frá stefnanda til stefndu, dagsett 27. apríl 2021, sem ber yfirskriftina óheimil birting minningargreina á vefsíðu Mannlífs. Í því bréfi kemur í meginatriðum efnislega fram að stefnandi hafi orðið þess áskynja að minningargreinar sem birtar hafi verið í Morgunblaðinu hafi verið teknar upp á vefmiðlinum mannlif.is og á þar til gerðu svæði Mannlífs á samfélagsmiðlinum Facebook þrátt fyrir að í blaðinu sé sérstaklega áréttað að óheimilt sé að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki. Bæði hafi verið birtar myndir af hinum látnu sem og texti beint upp úr einstökum minningargreinum. Stefnanda hafi borist fjölmargar kvartanir höfunda umræddra minningargreina og aðstandenda hinna sem eigi um sárt að binda. Um sé að ræða einstaklinga í viðkvæmri stöðu sem hvorki hafi veitt samþykki sitt fyrir umræddri

birtingu né heldur hafi stefnandi gert það. Sé hún því í óþökk bæði viðkomandi höfunda, aðstendenda og stefnanda, og geti valdið þeim sem hlut eiga að máli óþarfa sársauka. Þá kemur fram að stefnandi telji þessa birtingu minningargreina vera í andstöðu við ákvæði höfundalaga nr. 73/1972 og er vísað til viðeigandi ákvæða laganna í því sambandi. Loks er farið fram á að stefndu láti tafalaust af þessari birtingu minningargreina. Umrætt bréf er dagsett rétt rúmlega fimm mánuðum áður en framangreint brot stefndu átti sér stað. Stefndu hafa ekki borið því við að þeir hafi ekki mótttekið þetta bréf og verður því lagt til grundvallar að þeir hafi gert það. Þegar í ljósi þess verður ekki á það fallist með stefndu að brot þeirra hafi verið framið í góðri trú. Samkvæmt ótvíræðu ákvæði fyrri málsliðar 1. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972 skulu þeir því greiða bætur vegna brotsins.

Samkvæmt 2. mgr. 56. gr. umræddra laga, sem einnig var leidd í lögin með 12. gr. laga nr. 93/2010, skal við ákvörðun bóta samkvæmt 1. mgr. ekki eingöngu miða við það beina fjárhagstjón sem höfundur eða annar rétthafi hefur orðið fyrir, heldur ber auk þess að líta til þess fjárhagslega hagnaðar sem hinn brotlegi hefur haft af brotinu. Verði ekki færðar sönnur á tjón brotþola eða hagnað hins brotlega skal ákveða bætur að álitum hverju sinni. Í athugasemdum við 12. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 93/2010 kemur fram að ef ekki verði færðar sönnur á tjónið eða hagnaðinn, sem oft geti orðið raunin, sé gert ráð fyrir því að bætur skuli dæmdar að álitum, eftir mati dómara hverju sinni. Styðjist sú regla að nokkru við dómaframkvæmd. Samkvæmt þessu er gengið út frá því sem vísu að brot gegn lögum nr. 73/1972 valdi höfundi eða öðrum rétthafa tjóni og að hinn brotlegi skuli greiða bætur hafi brot hans verið framið af ásetningi eða gáleysi óháð því hvort sönnur verði færðar á það tjón eða hagnað hins brotlega. Eins og mál þetta er vaxið verða að mati dómsins hvorki færðar sönnunar á það beina fjárhagstjón sem stefnandi varð fyrir né heldur þann fjárhagslega hagnað sem stefndu höfðu af brotinu í skilningi fyrri málsliðar 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972. Samkvæmt skýlausu ákvæði síðari málsliðar sömu málsgreinar skulu bætur því ákveðnar að álitum.

Stefnandi krefst þess sem áður greinir að stefndu verði gert að greiða honum 1.500.000 krónur ásamt nánar tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum. Byggir stefnandi á því að bætur honum til handa séu að álitum þannig hæfilega ákveðnar án þess að það sé rökstutt frekar. Í áðurgreindum athugasemdum við 12. gr. í greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 93/2010 kemur fram að ekki þyki fært að lögfesta nánari viðmiðunarreglur um ákvörðun bótafjárhæðar vegna brots samkvæmt 1. mgr. Þó

væri eðlilegt að í framkvæmd yrði miðað við hæfilegt endurgjald, eins og samið hefði verið um not höfundarverks, að viðbættu álagi vegna frekara tjóns brotaþola eða hagnaðar hins brotlega. Ef ekki reyndist unnt að færa sönnur á það um hve háar fjárhæðir væri þar að ræða gæti þrautalendingin orðið sú að bæta við endurgjaldið jafnháu álagi þannig að bæturnar næmu alls tvöföldu endurgjaldi fyrir lögmæt not. Samkvæmt þessu er því gengið út frá því að tjón höfundar eða annars réttihafa nemi að minnsta kosti sanngjörnu endurgjaldi sem hann hefði fengið í sinn hlut ef samið hefði verið um not viðkomandi verks. Við mat á sanngjörnu endurgjaldi að því leyti í því tilviki sem hér um ræðir er að mati dómsins með hliðsjón af fyrirliggjandi dómaframkvæmd nærtækast að líta til opinberrar leiðbeinandi gjaldskrár Rithöfundasambands Íslands. Samkvæmt þeirri gjaldskrá er leiðbeinandi endurgjald fyrir birtingu meðalsíðu og hvernar byrjaðrar síðu af lausu frumsömdu máli á vefmiðli 20.563 krónur. Stefnandi byggir ekki á því að hann hafi orðið fyrir beinu fjárhagstjóni og verður því lagt til grundvallar að svo hafi ekki verið. Hins vegar verður að mati dómsins að leggja til grundvallar að stefndu hafi haft af broti sínu einhvern fjárhagslegan hagnað enda var fyrirsögn fréttar stefndu um andlát bróður réttargæslustefnda til þess fallinn að auka líkur á að lesendur smelltu á hana og fréttin svo umkringd auglýsingum frá fjölmörgum auglýsendum sem ekki liggur annað fyrir en að miðlað hafi verið gegn endurgjaldi.

Að öllu framansögðu gættu, og með hliðsjón af umfangi þess efnis sem brot stefndu tók til og eðli þess efnis, þykja bætur honum til handa hæfilega ákveðnar að álitum, sbr. 2. másl. 2. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, 50.000 krónur. Þá er á það fallist að tildæmd fjárhæð skuli bera vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá og með þeim degi er hið bótaskylda atvik átti sér stað og dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er liðinn var mánuður frá því að stefnandi setti bótakröfu sín fyrst fram, sbr. 1. másl. 9. gr. umræddra laga.

Stefnandi krefst þess einnig að stefndu verði dæmdir til að fá birtan dóm í máli þessu í heild í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins. Þeirri kröfu til stuðnings vísar stefnandi til 59. gr. c. laga nr. 72/1972. Samkvæmt 1. mgr. þeirrar greinar má í dómi þar sem kveðið er á um brot á umræddum lögum eða ráðstafanir samkvæmt 55. gr. þeirra að beiðni brotaþola mæla fyrir um birtingu dómsins að hluta eða í heild. Birtingin skal fara fram með þeim hætti og í þeim mæli sem sanngjarnt má teljast. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar skal hinn brotlegi annast og kosta birtinguna. Ákvæði 59. gr. c var leitt í lög in með 13. gr. laga nr. 93/2010. Í athugasemdum við 13. gr. í

greinargerð sem fylgdi frumvarpi því sem varð að lögum nr. 93/2010 kemur fram að ákvæðið taki mið af 15. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB um fullnustu hugverkaréttinda þar sem sé að finna heimild til að mæla fyrir um birtingu ákvarðana á því réttarsviði. Þá kemur fram að birting ákvarðana sé talin hafa forvarnargildi gagnvart öðrum hugsanlegum brotamönnum og gegni hlutverki í vitundarvakningu almennings um virðingu fyrir hugverkaréttindum. Lagt sé til að ákvæðið nái jafnt til áfellisdóma í einkamálum sem sakamálum, svo og dóma þar sem kveðið sé á um ráðstafanir samkvæmt 55. gr. laga nr. 73/1972.

Að virtum framangreindum sjónarmiðum verður fallist á það með stefnanda að efni standi til að beita ákvæði 59. gr. c í máli þessu. Með hliðsjón af lengd þessa dóms þykir hins vegar ekki sanngjarnt að mæla fyrir um birtingu hans í heild á kostnað stefndu og verða stefndu því sameiginlega dæmdir til að fá dómsorð hans birt í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar frá 12. nóvember 2021 í máli nr. 266/2020.

Eftir framangreindum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 ber stefndu að greiða stefnanda málskostnað sem þykir að virtum atvikum máls, umfangi þess og eðli hæfilega ákveðinn 1.000.000 króna.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Reynir Traustason og Sólartún ehf., skulu greiða stefnanda, Árvakri hf., óskipt 50.000 krónur, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2021 til 10. mars 2022 og með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu skulu sameiginlega fá dómsorð þessa dóms birt í prentaðri útgáfu Morgunblaðsins og Fréttablaðsins.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 1.000.000 króna í málskostnað.

Hulda Árnadóttir